



Til borgarráðs

EES útbod nr. 13976 Endurskoðunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg - Reikningsár 2018-2022.

Á fundi innkauparáðs Reykjavíkurborgar í dag 22. desember 2017 var lagt fram erindi endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar dags. 4. desember sl., þar sem lagt er til að vísa tillögu um töku tilboðs Grant Thornton endurskoðunar ehf sem átti lágsta gilda tilboð í EES útbóði nr. 13976 Endurskoðunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg - Reikningsár 2018-2022, til borgarstjórnar.

Innkauparáð gerði ekki athugasemd og samþykkir tillögu endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um að vísa tillögunni til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri



Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2017

Erindi: Útboð endurskoðunarþjónustu

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum. Þar sem ráðningartími núverandi ytri endurskoðenda samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B-hluta félaga rennur út í árslok 2017 samþykkti borgarstjórn að efna til útboðs að nýju. Útboðið nær til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga og endurskoðunar ársreikninga allra B-hluta félaga sem falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Útboðið var auglýst í september 2017 og rann tilboðsfrestur út þann 1. nóvember s.l. Eftirfarandi tilboð bárust frá fimm endurskoðunarfyrirtækjum og eru fjárhæðir að meðtöldum virðisaukaskatti:

KPMG ehf.	kr. 288.968.775
Ernst & Young ehf	kr. 396.622.643
Grant Thornton endurskoðun ehf.	kr. 270.542.859
PricewaterhouseCoopers ehf.	kr. 236.530.000
Deloitte ehf.	kr. 379.602.141


Endurskoðunarnefndin hefur fengið upplýsingar frá innkaupadeild Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og skrifstofu borgarlögmanns um að formskilyrði lægst bjóðanda séu með þeim annmarka að tilboðið teljist ógilt. Engar athugasemdir eru gerðar varðandi tilboð sem er næst lægst.

Endurskoðunarnefndin hefur gengið úr skugga um að tilboð þess sem bauð næst lægst uppfylli kröfur til bjóðenda sem settar voru fram í kafla 1.1.16 í útboðslýsingunni.

Með tilliti til þess sem hér hefur komi fram leggur nefndin til að tilboði Grant Thornton endurskoðun ehf. sem var með næst lægsta boð verði tekið og hafi innkauparáð ekki athugasemdir við þá afgreiðslu mun endurskoðunarnefnd setja fram þá tillögu til borgarstjórnar í samræmi við samþykkt borgarstjórnar um endurskoðunarnefnd og ákvæði í 5. tl. 108. gr.b. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar


Ólafur Kristinsson